

# Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar

## Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Reykjavíkurborgar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum. Börn er hér notað yfir börn og unglinga 10-16 ára.

## Almennt um félagsmiðstöðvar

Reykjavíkurborg starfrækir félagsmiðstöðvar fyrir börn í 5.-10. bekk í grunnskólum í Reykjavík og er gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar sem hafa unglíngastig.

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is), er yfirlit yfir allar félagsmiðstöðvar borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer.

Börn í 5.-7. bekk grunnskóla sem ekki eru með unglíngadeildir geta sótt félagsmiðstöðvastarf sem tengist þeim grunnskóla sem þau geta sótt á unglíngastigi.

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur eða frá kl. 13:40-17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. [Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.](#)

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt *Starfskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs*.

Börn í sjálfstætt reknunum grunnskólum geta sótt félagsmiðstöðvastarf í því hverfi sem þau búa í eða í þá félagsmiðstöð sem er starfandi í sama hverfi og viðkomandi skóli.

## 1. Innritun – opnunartími

### 1.a Innritun og þátttaka

Skráning í gjaldskylt starf félagsmiðstöðva fer að jafnaði fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og á [www.sumar.fristund.is](http://www.sumar.fristund.is). Leita má eftir aðstoð við rafræna umsókn á öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

#### Almennt félagsmiðstöðvastarf

Ekki þarf að skrá sig í almennt félagsmiðstöðvastarf nema í undantekningartilvikum, s.s. ef um er að ræða klúbba- eða hópastarf, ferðir, námskeið/smiðjur eða afmörkuð viðfangsefni. Í flestum tilvikum skrá börnin sig sjálf til þátttöku og þá hjá starfsfólki eða rafrænt gegnum vefmiðla.

Skráning í sumarsmiðjur félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára börn hefst í maí og lýkur þegar fjöldaviðmiðum er náð eða þegar smíðja hefst.

### Sértækt félagsmiðstöðvarstarf

Foreldrar barna sem eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins og eru að fara í 5. bekk næsta skólaár fá kynningu á þjónustu sértæku félagsmiðstöðvanna um mánaðamótin janúar/febrúar. Foreldrar þurfa að skrá börn í sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir hvert skólaár. Skráning í vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fer fram í febrúar.

Ef foreldrar búa ekki saman en fara með sameiginlega forsjá barns sækir foreldri með sama lögheimili og barnið um dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um vetrarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna fyrir 1. maí ár hvert.

Þegar foreldrar hafa sótt um í sértækt félagsmiðstöðvastarf fá þeir staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Verði tafir á þjónustu, s.s. vegna ~~mannlekl~~ fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa og svo er stærri hópi boðin dvöl ~~vistun~~ hluta úr viku þannig að sem flestir fái hlut af þeirri þjónustu sem þeir sóttu um. ~~en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst.~~ Sjá nánar gr. 4 um forgang í sértækari félagsmiðstöðvar.

Sniðió: Ekki Auðkennt

Skráning í sumarstarf sértæku félagsmiðstöðvanna hefst í mars/apríl. Skrá þarf barn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 á föstudegi til að það geti notið þjónustu frá og með mánudegi í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

### **1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi félagsmiðstöðva**

Félagsmiðstöðvar starfa allt árið en starfstími og opnunartími getur breyst eftir árstíma.

Yfir vetrarmánuðina eru félagsmiðstöðvar opnar eftir að skóladegi lýkur og er opnunartími að lágmarki ~~12~~ klst. á viku fyrir 13-16 ára börn en ~~tví~~ visvar í viku 2-klst. fyrir 10-12 ára börn. Lokað er vegna starfsdaga ~~þr~~ visvar á ári, ~~ad jafnaði einn dag að hausti og einn að vori.~~ Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og bjóða þá frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Félagsmiðstöðvar eru opnar á frídögum grunnskóla, í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum grunnskóla.

Sértækar félagsmiðstöðvar eru opnar yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi í sértæku félagsmiðstöðvastarfi:

- Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta sértækra félagsmiðstöðva til boða frá kl. 8:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga. Á aðfangadag og gamlársdag er lokað. opið kl. 08:00-12:00. ~~Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga.~~
- Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst sértæka félagsmiðstöðvastarfið á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og af því hljótist ekki kostnaðarauki fyrir sértækar félagsmiðstöðvar. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, vorferðir o.fl., geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.

- c. Sértaekar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskólanna. Frístundamiðstöðvar bjóði upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í vetrarfríum grunnskóla.
- d. Sértaekar félagsmiðstöðvar eru lokaðar á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Prír Tveir starfsdagar/skipulagsdagar eru í sértaeku félagsmiðstöðvastarfi á almanaksárinu yfir skólaárið, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. Þá eru félagsmiðstöðvarnar lokaðar.

Ofangreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku nema að aukagjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídagum grunnskóla í lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Í sumarleyfum grunnskólanna bjóða félagsmiðstöðvar þjónustu á dagtíma fyrir 10-16 ára börn en einnig er opið á kvöldin fyrir 13-16 ára börn tvisvar til þrisvar í viku. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar frá miðjum júlí og fram að skólabyrjun í ágúst.

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í sértaeku félagsmiðstöðvastarfi frá kl. 09:00-16:00 en einnig má fá viðbótarþjónustu frá kl. 08:00-09:00 og frá kl. 16:00-17:00 sem greitt er fyrir sérstaklega. Leitast er við að samræma sumarstarf sértaekra félagsmiðstöðva við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu. Sértaekar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í þrjár tveir vikur yfir sumartímann, fyrir utan Öskju en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

## 2. Skilyrði fyrir þátttöku

Öll börn á aldrinum 10-16 ára geta tekið þátt í félagsmiðstöðvastarfi. Einungis í undantekningartilvikum eru fjöldatakmörkanir á þátttöku.

Forsenda fyrir þátttöku í sértaeku félagsmiðstöðvastarfi er að barn sé í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins:

### Flokkur 1

Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

### Flokkur 2

Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknaðs/varalesturs, og blindu.

### Flokkur 3

Börn, sem vegna fötlunar þurfa aðstoð og gæslu í daglegu lífi t.d. vegna vægrar þroskahömlunar, hreyfihömlunar, sem krefst notkunar spelka og/eða hækja við ferli, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar heyrnartækja í bæði eyru, og verulegrar sjónskerðingar á báðum augum.

Forstöðumaður í sértaeku félagsmiðstöðvastarfi óskar eftir samþykki foreldra fyrir að fá staðfestingu frá þjónustumiðstöð á umönnunarflokki sérhvers barns.

Ráðgjafar Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna geta sótt um með samþykki foreldra sótt um að til skóla og frístundasviðs að barn fái að taka þátt í sértæku félagsfrístundamiðstöðvastarfi þrátt fyrir að vera ekki í umönnunarflokki 1-3 samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar ríkisins. Sértækar félagsmiðstöðvar þurfa að fá heimild frá þekkingarmiðstöðinni í Kringlumýri í málefnum fatlaðra barna og unglinga á frístundahluta skóla og frístundasviðs til að samþykkja undanþágubeiðnina. Skrifstofa skóla og frístundasviðs tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna.

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika og eru ekki í umönnunarflokki 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar geta fengið þjónustu frá sértækri félagsmiðstöð að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra unglingsstarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef foreldrar búa ekki saman, en fara sameiginlega með forsjá, getur það foreldri sem er með sama lögheimili og barnið sótt um sértækt félagsmiðstöðvastarf.

Börn í félagsmiðstöðinni Öskju við Klettaskóla þurfa að vera innrituð í Klettaskóla (geta verið með lögheimili utan Reykjavíkur) en í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum er skilyrði fyrir þátttöku í vetrarstarfi að börnin séu með lögheimili í Reykjavík. En á sumrin geta allir sem eru í umönnunarflokki 1-3 og eru á þeim aldri sem þjónustan er skilgreind fyrir tekið þátt í starfinu.

Ef börn í sértækum félagsmiðstöðvum eru með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Reykjavík þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Skilyrði fyrir þjónustu við barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er að foreldrar þess séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Sjá gr. 7 í reglum þessum.

Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal framkvæmdastjórn tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni virkri til umfjöllunar síðar.

### **3. Flutningur milli sértækra félagsmiðstöðva**

Ef barn í sértæku félagsmiðstöðvastarfi flytur áður en starfsemin hefst að hausti má færa umsókn á milli starfsstaða með því að hafa samband við þann stað þar sem barnið var upphaflega skráð.

Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a og gr. 4 um forgang.

#### 4. Forgangur í sértækar félagsmiðstöðvar

Sækja má um forgang að sértæku félagsmiðstöðvastarfi fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila til forstöðumanns á þar til gerðu eyðublaði.

Börn með forgang raðast á biðlistann eftir dagsetningu umsóknar, elsta umsóknin fyrst. Ef tafir verða á innritun vegna mannekle getur forstöðumaður í samráði við deildarstjóra komið á veltukerfi þannig að öll börn fái þjónustu tímabundið í færri daga en sótt var um.

Hægt er að sækja um forgang í sértæka félagsmiðstöð vegna:

- a) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna og námsráðgjafar eða deildarstjórar í grunnskóla geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytingar á fjölskylduhögum.
- b) **Barna sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.** Fylgja þarf staðfesting frá grunnskóla barnsins um upphafsdag skólavistar á Íslandi.
- c) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þeirrar félagsmiðstöðvar sem barnið mun dvelja. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið í félagsmiðstöðinni um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef umsókn er synjað ber að gæta að reglum stjórnsluréttar um andmælarétt og rökstuðning og leiðbeina skal foreldrum um rétt til að kæra niðurstöðuna til mennta- og menningarmálaráðuneytis til samræmis við málsmeðferð sem fram kemur í 2. gr. reglnanna.

Ekki er veittur forgangur í sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva.

#### 5. Dvöl í sértækri félagsmiðstöð og uppsögn

Að jafnaði hefja börn dvöl í sértækri félagsmiðstöð daginn eftir skólasetningu að hausti. Síðasti opnunardagur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi miðast við daginn fyrir skólaslit. Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu á rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir sértækt félagsmiðstöðvastarf og reglur um þjónustu félagsmiðstöðva og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónustu er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu

mánaðarmót. Uppsögn skal vera rafræn á [Mínum síðum](#) eða með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns sértækrar félagsmiðstöðvar.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni viðkomandi frístundaheimilis –með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

### 5.1 Sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Reykjavík, eru að ljúka 5.-10. bekk og eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreining Tryggingarstofnunar ríkisins, óháð skólahverfi. Barn þarf að hafa fengið skólavist í Klettaskóla til að geta tekið þátt í sumarstarfi Öskju.

## 6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir sértækar félagsmiðstöðvar og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

### 6.a. Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Leitast skal við að halda þátttökugjöldum í vetrarstarfi félagsmiðstöðva í lágmarki og dreifa kostnaðarsömum viðburðum sem jafnast yfir vetrarmánuðina.

Gjald fyrir þjónustu sértækra félagsmiðstöðva og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is). Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl barna í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við fjölda daga sem börn þeirra dvelja í starfinu. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið í sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá sértæku félagsmiðstöðinni. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri part dagsins eða í samræmi við upplýsingar frá starfsstað hverju sinni. Skráning á langa daga er bindandi [eftir að skráningarfræstur rennur út](#) og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi yfir vetrarmánuðina.

### 6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín í sértæku félagsmiðstöðvarstarfi fá starfsmenn sértækra félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértæktrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur þar um. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í sértækri félagsmiðstöð barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. [Umsókn þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.](#)

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs [eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar](#) er veittur 100% afsláttur af dvalargjaldi vegna [systkina fyrir sama fjölda daga/stunda og yngra/yngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.](#) Foreldrar skulu [alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir annars barns og 100% vegna þriðja og fjórða barns. Veittur er 50% systkinaafsláttur af fullum gjöldum í sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í leikskóla, hjá dagforeldri eða vegna dvalar til sjálfstætt reknum starfandi leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekis grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um.](#) Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna [og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.](#)

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétt gjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

### 6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir sumarstarf fyrir börn sem eru að klára 5.-7. bekk er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Í sumarstarfi sértæka félagsmiðstöðvastarfsins er greitt grunngjald frá kl. 09:00-16:00. Greitt er sérstaklega fyrir tímann frá kl. 08:00-9:00 og frá kl. 16:00-17:00. Skráð er fyrir viku í senn og greitt vikugjald sem innheimt er mánaðarlega. Ekki er boðið upp á síðdegishressingu í sumarstarfinu og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman nema annað sé tekið fram. Gjaldið er skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

#### **6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva**

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum eða viðbótarstund.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sértæku félagsmiðstöðvastarfi yfir sumartímann.

Ef foreldrar eru af erlendum uppruna og eiga lögheimili í Reykjavík (annað foreldri eða báðir) og barnið hefur búið á Íslandi skemur en tvö ár, eru þrjár vikur án endurgjalds fyrir sumarstarf gegn umsókn þar um. Sótt er um skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðvar. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina.

### **7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn**

Ekki eru innheimt föst dvalargjöld í almennu félagsmiðstöðvastarfi. Í þeim tilvikum sem gjald er innheimt er það staðgreitt eða innheimt eftir á. Gjaldalagi er í þeim tilvikum þegar innheimt er eftir á er þá 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Dvalargjöld í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111. Gjaldalagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á heilum dögum í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er bindandi og er gjald fyrir slíka skráningu innheimt eftir á.

#### **7.a Innheimtuferli vegna vanskila**

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbref.



Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstóli kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

### **7.b Uppsögn**

Uppsögn á dvöl og fækkun daga í sértæku félagsmiðstöðvastarfi þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og í sumarsmiðjum fyrir 10-12 ára þarf að afskrá barn með tölvupósti til félagsmiðstöðvar eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi vegna sumar- eða vetrardvalar í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfræstur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl í sértækri félagsmiðstöð eða tekið þátt í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu til foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til þjónustumiðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn.](#)

### **8. Veikindi barns**

Geti barn ekki sótt sértækt félagsmiðstöðvastarf vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi félagsmiðstöðvar um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu í sértæku félagsmiðstöðvastarfi eftir veikindin. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkkt komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn að nýju dvöl í sértækri félagsmiðstöð.

Greiðslur fyrir einstaka viðburði og/eða ferðir í almennu félagsmiðstöðvastarfi fást endurgreiddar ef um veikindi barns er að ræða nema annað sé sérstaklega tekið fram. Staðfestingargjald (ef um slíkt er að ræða) fæst ekki endurgreitt.

Í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva og sumarsmiðjum 10-12 ára eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema með framvísun læknisvottorðs.

## 9. Stuðningur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi

~~Umsókn um stuðning og gerð einstaklingsáætlana fyrir börn sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í sértæku félagsmiðstöðvastarfi sbr. gr. 2 í reglum þessum er unnin af forstöðumanni viðkomandi félagsmiðstöðvar í samvinnu við deildarstjóra unglिंगastarfs, foreldra og hlutaðeigandi samstarfsaðila.~~

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika í almennri eða sértækri félagsmiðstöð fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Uppfylla þarf gr. 2 í þessum reglum ef taka á þátt í starfi sértækra félagsmiðstöðva. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra unglिंगastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi tekur þátt í sértæku félagsmiðstöðvastarfi í Reykjavík (Öskju), þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

## 10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) sérrými félagsmiðstöðvar í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

~~Frístundamiðstöð gerir samninga fyrir 1. apríl ár hvert við grunnskólana fyrir komandi skólaár, þar sem rými, ábyrgð og rekstur er tilgreindur og skýr. Skólastjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ber að skila samningunum til skrifstofu skóla og frístundasviðs.~~

Þar sem félagsmiðstöð er staðsett utan grunnskóla sér SEA um að útvega annað viðeigandi húsnæði.

## 11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð félagsmiðstöðvar og grunnskóla í þjónustuhverfi hennar. Skólastjórnendur kynna að vori skólalagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni félagsmiðstöðvar og forstöðumaður kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglíngaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. grein í reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 10-16 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð og skóli geta samið sérstaklega um viðveru starfsfólks félagsmiðstöðva á hefðbundnum skólatíma. Hvort um slíka viðveru er að ræða, hversu mikil hún er og með hvaða hætti fer eftir aðstæðum í hverri félagsmiðstöð og hverjum skóla fyrir sig. Skóli og félagsmiðstöð skulu gera með sér samstarfssamning til tveggja ára í senn þar sem samstarfið er skilgreint.

Félagsmiðstöðvar, í samstarfi við viðkomandi frístundamiðstöð, leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundum barna í hverfinu með það að markmiði að árekstrar í starfseminni séu sem minnstir og börn geti sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum í frítímanum.

Í félagsmiðstöðvastarfi er leitað eftir góðu samstarfi við það frístundaheimili sem áður veitti barninu þjónustu svo tryggja megi samfellu í þjónustu við það og fjölskyldu þess.

## 12. Mannauður

Fjöldi starfsfólks tekur mið af fjölda þeirra barna sem eru í 5. – 10. bekk í þjónustuverfi félagsmiðstöðvar, sbr. gildandi reiknilíkan skóla- og frístundasviðs. Í hverri félagsmiðstöð skal þó ávallt starfa forstöðumaður í fullu starfi og að auki starfsfólk í hlutastarfi samanber viðmið um fjölda starfsmanna í félagsmiðstöð (sjá forsenduskjöl reiknilíkans frístundamiðstöðva). Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn á dagopnun og þrír á kvöldopnun, nema aðstæður kalli á annað, sbr. fjöldi barna eða stuðningsþörf. Ávallt sé leitast við að tryggja öryggi barna og unglínga. Í ferðum á vegum félagsmiðstöðvar skal miða við að ekki séu fleiri en 15 unglíngar með hverjum starfsmanni (sjá Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva).

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma/þjónustutíma félagsmiðstöðvarinnar.

Í sértæku félagsmiðstöðvastarfi starfar forstöðumaður ásamt aðstoðarforstöðumanni og tekur fjöldi annarra starfsmanna mið af stuðningsþörf hverju sinni (sjá nánar grein 9 um stuðning) og getur starfsmannafjöldi þannig verið breytilegur.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tólmstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi og hafa náð 20 ára aldri.

### **13. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.